

## Skipting tækjakaupafjár árið 2006

I. Sérhæft tækjakaupafé	15.370.000
II. Verkefnabundið tækjakaupafé (vísindanefnd)	4.675.000
Samtals:	20.045.000

Listi yfir styrkþega:

### I. Sérhæft tækjakaupafé.

	Starf	Tæki	Upphæð
<b>Félagsvísindadeild</b>			
Einar Guðmundsson	dósent	Íslensk stöðlun á greindarprófi fyrir börn (Wechsler).	1.140.000
<b>Hugvísindadeild</b>			
Eggert Þór Bernharðsson	aðjunkt	Búnaður til kennslu í menningarmiðlun.	1.120.000
Rannveig Sverrisdóttir	lektor	Uppþökutæki og búnaður vegna kennslu í táknafræði.	390.000
<b>Læknadeild</b>			
Eiríkur Steingrímsson	prófessor	Tæki til rannsókna í frumalíffræði.	1.000.000
Helgi Valdimarsson	prófessor	ELISPOT- greiningarbúnaður.	1.000.000
Einar Stefánsson	prófessor	OxyLab pO2.	800.000
Árni Árnason	lektor	Háhraða myndbandsupptökuvél.	700.000
<b>Hjúkrunarfræðideild</b>			
Ásta Thoroddsen	dósent	Endurlífgunardúkka með prentara.	400.000
<b>Raunvísindadeild</b>			
Ólafur Ingólfsson	prófessor	Tæki til landmælinga.	500.000
Ari Ólafsson	dósent	A. Klukkur, ljóshlið og sveiflusjár til verklegar kennslu. B. Stafrænn fasalæstur magnari (Stanford Research SR-830).	950.000
Ingvar H. Árnason	prófessor	Tæki og búnaður til verkennslu í efnafræði.	920.000
Jón Eiríksson	vísindamaður	Tæki til rannsókna í setfræði.	1.030.000
Guðmundur Hrafn Guðmundsson	prófessor	Smásjár (15 stk.) og víðsjár (8 stk.) til kennslu og rannsókna.	1.100.000
<b>Tannlæknadeild</b>			
Björn R. Ragnarsson	lektor	Tannlæknasmásjá.	2.120.000
<b>Verkfræðideild</b>			
Ragnar Sigbjörnsson	prófessor	High Dynamic Range Strong Motion Accelerograph for Arry Implementation.	2.200.000
			<b>Samtals: 15.370.000</b>

### II. Verkefnabundið tækjakaupafé.

	Starf	Tæki	Upphæð
<b>Lyfjafræðideild</b>			
Elín S. Ólafsdóttir	dósent	Detector með Standard Flow CellG1314 A VW.	435.000
Már Mátsson	dósent	UV Kit.	175.000
Sesselja S. Ómarsdóttir	lektor	Detector með Standard Flow CellG1314 A VW.	435.000
Þorsteinn Loftsson	prófessor	HPLC-pumpa fyrir háþrýstigreini.	604.000
<b>Læknadeild</b>			
Eiríkur Steingrímsson	prófessor	Frumuræktunarahúdd Labcare Cabinet.	220.000
<b>Tannlæknadeild</b>			
Sigurður Örn Eiríksson	lektor	Buehler - Isomet Low Speed Sög.	376.000
<b>Raunvísindadeild</b>			
Bjarni Ásgeirsson	prófessor	Fjölnota, kæld borðskilvinda.	556.000
Bryndís Brandsdóttir	vísindamaður	Vélbúnaður til bylgjubrots-, endurkasts-, jarðskjálfta- og fjölgeislamælinga.	411.000
Kesara M. Jónsson	prófessor	Smásjá, myndavél og tölva.	750.000

Kristján Leósson	Vísindamaður	Tæki til notkunar leysiljöss í ljósrásum.	713.000
			<b>Samtals: 4.675.000</b>

## Reglur HÍ - 76. gr. Tækjakaupasjóður Háskóla Íslands

Tilgangur Tækjakaupasjóðs Háskóla Íslands er að efla rannsóknir og kennslu við háskólann. Rektor skipar þriggja manna stjórn Tækjakaupasjóðs samkvæmt tilnefningu vísindanefndar, kennslumálanefndar og fjármálanefndar.

Sjóðurinn skiptist í þrjá hluta: Sérhæfðan tækjakaupasjóð, verkefnabundinn tækjakaupasjóð og tækjakaupasjóð rektors. Fjárveiting til sjóðsins er ákveðin árlega af háskólaráði. Skipting fjárveitingar sjóðsins milli einstakra hluta hans skal ákveðin í lok hvers almanaksárs. Stjórn sjóðsins tekur þá ákvörðun í samráði við rektor.

Stjórn sjóðsins úthlutar sérhæfðu tækjakaupafé á grundvelli umsókna og forgangsröðun deilda. Vísindanefnd úthlutar verkefnabundnu tækjakaupafé í tengslum við úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Rektor úthlutar ráðstöfunarfé sínu til sérstakra verkefna.

Tæki sem keypt eru fyrir styrk úr Tækjakaupasjóði eru eign Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóri rannsóknasviðs skal gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun tækjakaupafjár einu sinni á ári.

*Samþykkt á fundi háskólaráðs 25.3.2004*

### Vinnureglur stjórnar

1. Stjórn Tækjakaupasjóðs og framkvæmdastjóri rannsóknasviðs gera tillögu til rektors um skiptingu tækjakaupafjár milli einstakra hluta í lok hvers almanaksárs.
2. Kennarar og sérfræðingar Háskóla Íslands og stofnana hans, sem að jafnaði hafa verið ráðnir á grundvelli hæfnisdóms, geta sótt um stuðning sjóðsins.
3. Tækjakaupasjóður styrkir kaup á sérhæfðum tækjum til kennslu og rannsókna. Sjóðurinn styrkir ekki kaup á tækjum sem teljast til almenns reksturs eða skrifstofubúnaðar, svo sem venjulegar borð-, og fartölvur. Við mat á umsóknum er einkum horft til; aðstöðu umsækjanda, rannsóknaverkefna sem umsækjandi vinnur að, hvort tækið nýtist öðrum á viðkomandi sviði og til þess hvort um mótframlag er að ræða.
4. a) Sérhæfður tækjakaupasjóður – Umsóknarferli og úthlutun: Sækja skal um til viðkomandi deildar/stofnunar og er umsóknarfrestur til 15. mars ár hvert. Deild/stofnun forgangsraðar umsóknum og skilar þeim til rannsóknasviðs fyrir 15. apríl. Stjórn Tækjakaupasjóðs úthlutar styrkjum á grundvelli 3. greinar vinnureglna þessara.
- b) Verkefnabundinn tækjakaupasjóður – Umsóknarferli og úthlutun: Umsóknarfrestur um verkefnabundið tækjakaupafé er sá sami og í Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (1. október) og er úthlutun í höndum vísindanefndar háskólaráðs. Sýnt skal fram á að sá tækjabúnaður sem sótt er um sé nauðsynlegur rannsóknaverkefni umsækjanda í Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Að öðru leyti er úthlutað á grundvelli 3. greinar vinnureglna þessara. Umsóknir sem ekki hljóta styrk eru sendar deild til forgangsröðunar fyrir sérhæfðan tækjakaupasjóð.
5. Rektor úthlutar úr tækjakaupasjóði rektors til sérstakra verkefna.
6. Við kaup á tækjum skal hafa samráð við innkaupastjóra Háskólans og fá samþykki hans fyrir kaupunum.